

# Stjórnarfundur

20. september 2007

## Fundargerð

### Stjórn SSA

#### Grunnskóli Vopnafjarðar 20. sept. kl. 17.00

Mættir eru. Bj. Hafþór Guðmundsson , Ólafur Ármannsson , Ólafur Sigurðsson , Guðmundur R. Gíslason, Ævar Ármannsson, Páll Baldursson Guðrún Ingimundardóttir , Reynir Arnarson og varamaður Baldur Pálsson .

Forföll boðaði Guðmundur Ólafsson . Framkvæmdastjóri er mættur.

#### 1. Fundur settur

Formaður setti fund og gengið var til fyrirbyggjandi dagskrár.

#### 2. Fundargerð stjórnar SSA frá 29. ágúst 2007.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

#### 3. Frá landshlutasamtökum.

3/1 Eyping Fundargerð 183. fundur 12.07 og 184. fundur 20.08

Fundargerðir lagðar fram.

#### 3/2 Ályktanir 15.ársþings SSNV.

Ályktanir lagðar fram.

#### 3/3 Ályktanir Fjórðungsambands Vestfjarða,.

Ályktanir lagðar fram.

#### 4. Frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

4/1 Fundargerð stjórnar 745 fundur 30. ágúst 2007

Liðir 16 og 17 ræddir.

#### 5. Fundargerð SA.SSA 9. sept og tillögur til aðalfundar SSA.

Fundargerðin og tillögurnar ræddar. Samhljóða samþykkt að vísa tillögnum til umfjöllunar og afgreiðslu í samgöngunefnd sem starfa mun á aðalfundinum.

## 6. Fundargerð OS.SSA 10. sept og tillögur til aðalfundar SSA

Fundargerðin og tillögurnar ræddar .Samhljóða samþykkt að vísa þeim til umfjöllunar og afgreiðslu í alsherjarnefnd sem starfa mun á aðalfundinum.

## 7. Fréttatilkynning 12.09.07

Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnar v/ samdráttar í þorskafla.

Í umræðum (Bj.HG-ÓS-ÓÁ-RA-BP) kom fram að nauðsynlegt er að grunngerð landsbyggðarinnar verði ennfrekar styrkt með fjárframlögum ríkisins í samgöngum, menntun og atvinnuþróun. Í mótvægisáðgerðunum er alls ekki komið til móts við kjaraskerðingu sjómanna , landverkafólks, útgerða og fiskvinnslu og það verður að lagfæra . Samþykkt að stjórn semji tillögudrög til aðalfundar sem fái umfjöllun og afgreiðslu í Byggða og atvinnumálanefnd á aðalfundinum.

## 8. Aðalfundur SSA 21. sept-22.sept .

Dagskrá og annað skipulag .

Dagskráin sem nú er endanleg . Samþykkt.

Framkvæmdastjóri fór yfir skipulag s.s húsnæði tímasetningar og fl.

Skýrslur og upplýsingar frá stofnunum og fl.

Samþykkt að vísa eftirfarandi skýrslum til starfsnefnda á fundinum: Frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Menningarráði Austurlands, Þekkingarneti Austurlands, Ferðamálasamtökum Austurlands og breytingum á Samþykktum SSA .

Tillögur/samþykktir frá stjórn SSA

Tillögur og samþykktir frá stjórn til aðalfundar fara í lokavinnslu á vinnufundi sem hefst eftir kvöldverð stjórnar

Starfsnefndir og starfsmannamál.

Starfsnefndir utan hefðbundinna nefnda verða : Allsherjarnefnd-Byggða og atvinnumálanefnd-Mennta og menningarmálanefnd-Samgöngunefnd og Fjárhagsnefnd.

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál fundarins og sagði að á morgun kl. 11.00 verði fundur hans og formanns með starfs og tæknimönnum.

Heiðursgestur.

Formaður upplýsti með vísan í umræðu stjórnar á Borgarfirði 29. ág.sl . að hjónin Emil Sigurjónsson og Aðalheiður Steingrímisdóttir verði heiðursgestir SSA á kvöldverðarhófi annað kvöld.

## 9. Menningarverðlaun SSA 2007.

Með vísan í umræður stjórnar SSA utan dagskrár á síðasta fundi upplýsir formaður að 17. sept þegar auglýstur tilnefningarfrestur rann út hafi legið fyrir tilnefningar um 7 aðila ,  
Tilnefningar voru sendar til stjórnarmanna og sameiginleg niðurstaða ( netpóstur) er sú að handhafi *Menningarverðlauna SSA 2007 verði Ágúst Ármann Þorláksson tónlistarskólustjóri Neskaupstað Fjarðabyggð.*

Menningarverðlaunin verða að venju afhent í kvöldverðarhófi aðalfundar.

## 10. Önnur mál.

10/1 Bréf sýslumanns Norður Múl :

Samstarfsnefnd skv. 12.gr. lögreglulaga:

Með bréfi 20. sept. sl. óskar Lárus Bjarnason Sýslumaður eftir því að SSA tilnefni tvo fulltrúa í samstarfsnefnd skv. 12.gr. lögreglulaga nr. 90/1996

Samþykkt að tilnefna : *Ólaf Sigurðsson Seyðisfirði og Baldur Pálsson Egilsstöðum.*

10/2 Ishröngl ehf Sorporkumál á nýrri öld:

Svar framkvæmdastjóra 12.sept.

Erindið hafði Ingvar sent allflestum stjórnarmönnum .Svar framkvæmdastjóra til Ingvars 12.sept sl. upplesið.

Formaður frestaði fundi kl. 19.00 og gengu stjórnarmenn til kvöldverðar á Hótel Tanga . Að kvöldverði loknum er stjórnarfundur framhaldið með vinnufundi til kl. 23.00.en þá frestar formaður fundi til kl. 9.00. í fyrramálið.

Að loknum morgunverði 21. sept kl. 9.00 er framhalds vinnufundur stjórnar til

undirbúnings aðalfundi.

Afhending fundargagna hefst kl. 13.30.

Aðalfundur hefst kl. 14.00.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson